

**Ed.**

## **2. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

Aftan við a-lið 37. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, bætist:

Þó má skipa menn, er lokið hafa kennaraprófi eða meistaraþrófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, innan ársloka 1948, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

### Fylgiskjal.

**Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám.**

### **FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 48/1946, um gagnfræðanám, á þann veg, að heimilt verði að skipa þá, er lokið hafa fyrir 1. janúar 1949 kennara- eða meistaraþrófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir eigi hafi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum, þar eð skortur sé á mönnum til kennslustarfa við nefnda skóla og störf skólanna hefjist innan fárra daga.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Aftan við a-lið 37. gr. laga nr. 48/1946, um gagnfræðanám, bætist:

Þó má skipa menn, er lokið hafa kennaraprófi eða meistaraþrófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, innan ársloka 1948, kennara við skóla gagnfræðastigsins, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. september 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*